

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu- og sorpeyðingargjöld í Húnavatnshreppi.

1. gr.

Gjaldskráin er sem hér greinir:

a.

Sorphirðugjald á íbúðir, lögbýli, íbúðarhús:	kr. 25.000
Sorpeyðingargjald á íbúðir, lögbýli, íbúðarhús:	kr. 9.000
Sorphirðugjald vegna hvefrrar aukalosunar frá íbúðum, lögbýlum og íbúðarhúsum	kr. 2.200

b.

Sorpeyðingargjald á sumarhús, enda geti notendur þeirra losað sig við sorp á gámasvæði sveitarfélagsins.	kr. 6.500
--	-----------

c.

Sorphirðu- og sorpeyðingargjald á fyrirtæki:

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir lögaðilar greiða sorphirðugjald samkvæmt áætlun um kostnað við sorphirðu frá þeim.

Sorphirðugjald:

Flokkur 1	kr. 28.000
Flokkur 2	kr. 100.000
Flokkur 3	kr. 140.000
Flokkur 4	kr. 230.000
Flokkur 5	kr. 415.000

Fyrirtæki stofnanir og aðrir lögaðilar greiða sorpeyðingargjald samkvæmt áætlun sormagni sem frá þeim fellur.

Flokkur 1	Áætlað magn allt að	2.000 kg	kr. 20.000
Flokkur 2	Áætlað magn allt að	3.300 kg	kr. 33.000
Flokkur 3	Áætlað magn allt að	7.000 kg	kr. 70.000

Hreppsnefnd raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi þeirra.

2. gr.

Að lokinni álagningu skv. 1. gr. hafa greiðendur 30 daga frest til að gera athugasemdir við gjalddöku Húnavatnshrepps. Athugasemdir skulu vera skriflegar og vel rökstuddar. Hreppsnefnd er heimilt að breyta gjalddöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af hreppsnefnd Húnavatnshrepps 16. nóvember 2011, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra. Gjaldskráin er sett með heimild í 7. gr. samþykktar nr. 56/2008 um sorphirðu í Húnavatnshreppi og skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 167/2011.

Húnavatnshreppi, 20. desember 2011.

Jens P. Jensen sveitarstjóri.